



# Skólanámskrá Hamravalla 2022

Útgefin 4.2.2022



## Formáli

Vinna við endurnýjun skólanámskrár Heilsuleikskólans Hamravalla hófst á vorönn 2021. Eldri skólanámskrá frá 2015 var höfð til hliðsjónar en einnig fór mikil vinna í að útfæra skólanámskrána í takt við námskrár annarra leikskóla í Hafnarfirði.

Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í mótun skólanámskrárinnar. Hópavinna fór fram á skipulögðum fundum og skipulagsdögum þar sem unnið var með hvern kafla. Þannig hafði starfsfólkið bein áhrif á vinnslu námskrárinnar og lagði sitt af mörkum við mótun hennar.

Skólanámskrár skal endurskoða reglulega og er það gott þar sem starfshættir leikskóla eru síbreytilegir. Starfsfólk setur sitt mark á hið daglega starf sem og þróunarstarf í leikskólanum og endurspeglast það í skólanámskrá.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	2
1. Inngangur .....	5
2. Heilsuleikskólinn Hamravellir .....	6
2.1. Starfsfólk leikskóla .....	6
2.2. Hlutverk leikskólastjóra .....	6
2.3. Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna .....	7
3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans .....	7
3.1. Leiðarljós leikskólastarfsins .....	7
3.2. Kennsluhættir .....	8
3.3. Sérfræðiþjónusta .....	8
3.3.1. Brúin .....	9
4. Grunnþættir menntunar .....	10
4.1. Jafnrétti .....	10
4.1.1. Jafnrétti í leikskólastarfinu .....	10
4.2. Læsi .....	11
4.2.1. Læsi í leikskólastarfinu .....	11
4.3. Heilbrigði og velferð .....	11
4.3.1. Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu .....	12
4.4. Sjálfbærni .....	12
4.4.1. Sjálfbærni í leikskólastarfinu .....	12
4.5. Sköpun .....	12
4.5.1. Sköpun í leikskólastarfinu .....	13
4.6. Lýðræði og mannréttindi .....	13
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu .....	13
5. Samþætt og skapandi leikskólastarf .....	13
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn .....	14
6.1. Foreldrasamtöl .....	14
6.2. Samstarf heimilis og leikskóla .....	14
6.3. Foreldraráð .....	14
6.4. Foreldrafélag .....	14
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið .....	15
8. Mat og eftirlit .....	15
8.1. Ytra mat á leikskólastarfi .....	15

8.2. Innra mat á leikskólastarfi.....	15
8.2.1. Mat barna.....	16
8.2.2. Mat starfsmanna leikskólans .....	16
8.2.3. Mat foreldra .....	16
Heimildaskrá .....	17

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum 90/2008 skulu leikskólar gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar (lög um leikskóla 90/2008). Í lögnum segir:

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags (Lög um leikskóla, 14. gr. 90/2008).

Skólanámskrá er unnin með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla, menntastefnu sveitarfélags, stefnu skólans, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fleiri atriðum er skipta máli.

Námskráin sem hér fer á eftir lýsir útfærslum, markmiðum og leiðum sem farnar eru í uppeldi og kennslu Heilsuleikskólans Hamravalla í takt við þá stefnu sem leikskólinn fylgir. Einnig má finna upplýsingar um leikskólann og sérkenni hans til upplýsinga og fróðleiks fyrir foreldra, starfsfólk og aðra áhugasama. Skólanámskrá leikskóla er skjal í sífelldri endurskoðun og má koma ábendingum til stjórnenda skólans um innihald hennar.

## 2. Heilsuleikskólinn Hamravellir

Heilsuleikskólinn Hamravellir var opnaður 16. júní 2008 og var í upphafi fjögurra deilda leikskóli. Fljótlega bættist fimmta deildin við í færanlegri kennslustofu á útisvæði og var leikskólinn rekinn sem fimm deilda leikskóli í nokkur ár. Haustið 2019 var fimmtu deildinni (Krummakoti) lokað og færanlega kennslustofan fjarlægð af útisvæðinu. Deildirnar fjórar sem eru starfandi eru Birkikot, Mosakot, Hraunkot og Hvannakot.

Rými er fyrir um 85 börn og fer starfsmannfjöldi eftir aldri barna, vistunartíma, fjölda undirbúningstíma og fjölda úthlutaðra sérkennslutíma hverju sinni. Heildarstærð leikskólans er 727,5 m<sup>2</sup> og skiptist hann upp í fjórar leikstofur, tvo listaskála, tvo fataklefa, íþróttasal og miðrymi. Í miðrymi er að finna skrifstofu, þjálfunarherbergi, bókasafn, eldhús, þvottahús, vinnuherbergi og búningaaðstöðu kennara, salerni og kaffistofu.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 til 17:00 virka daga, nema vistunartími barna sé styttri. Lokað er á lögbundnum frídögum en einnig á aðfangadegi og gamlársdegi. Annar lokunartími, þar meðtalin lokun yfir sumartíma, er ákveðinn í fræðsluráði og/eða á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar, sem fer með umsjón og yfirráð yfir faglegu starfi allra leikskóla Hafnarfjarðar. Börn skulu taka samfelld sumarfrí í fjórar vikur á sumarfrístíma og eru leikskólagjöld felld niður í þann tíma. Sex skipulagsdagar eru á hverjum vetri og er leikskólinn lokaður þá daga. Á skipulagsdögum starfa kennarar og annað starfsfólk við endurmenntun og skipulagningu starfsins. Upplýsingar um hvenær skipulagsdagar eru má finna í skóladagatali sem finna má á heimasíðu skólans.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar. Á skrifstofu sviðsins starfa einnig talmeina- og sálfræðingar auk annarra ráðgjafa sem styðja við starfsemina og þjónusta leikskólann.

### 2.1. Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og af samvirkusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki (lög um leikskóla 90/2008). Starfsfólk er bundið þagnarskyldu varðandi málefni sem það verður áskynja í starfi, sem snýr að börnum, foreldrum og öðru starfsfólki. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

### 2.2. Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð og hag barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og/eða eðli málsins (t.d. sbr. 52. gr. barnalaga nr. 76/2003).

Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf innan leikskólans og stuðla að lærdómssamfélagi þar sem faglegt starf leikskólans er reglulega ígrundað og þróað. Að auki á

leikskólastjóri að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra ber að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu og ársáætlun (lög um leikskóla 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla, 2011, Skólafelna Hafnarfjarðar, 2009 og Mannauðsstefna 2016).

### 2.3. Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Í starfi sínu ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki fyrst og fremst að styðja við nám barna og gæta að öryggi þeirra. Leikskólakennarar eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Leikskólakennarar skulu vinna af fagmennsku, þróa hana reglulega og dýpka faglega þekkingu sína með því að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum á sviði menntavísinda. Leikskólakennurum ber einnig að vera faglegar fyrirmyndir í lærdómssamfélagi skólans. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats leikskólans.

Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fara eftir stefnu skólans og fylgja settum reglum. Starfsfólk er bundið trúnaði, sem helst þó látið sé af starfi. Starfsfólki ber að vinna í anda skólanámskrár og Aðalnámskrár leikskóla.

Starfsfólk leikskóla vinnur í samstarfi við foreldra og forráðamenn barna og situr starfsmanna- og foreldrafundi sem haldnir eru, eftir því sem við á. Starfsfólk starfar með börnunum í leik og starfi og framfylgir faglegri stefnu leikskólans.

## 3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans

### 3.1. Leiðarljós leikskólastarfsins

Heilsuleikskólinn Hamravellir býður börnum upp á kærleiksríkt og öruggt umhverfi, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín á eigin forsendum. Á Hamravöllum kynnast börnin heilbrigðum lífstíl sem vonandi fylgir þeim inn í fullorðinsárin. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði heilsustefnunnar, sem var þróuð af íslenskum leikskólakennurum, en Unnur Stefánsdóttir var forsvarsmaður hennar. Markmið leikskólans er að stuðla að heilsuefningu leikskólasamfélagsins með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Í heilsustefnunni er unnið markvisst með hreyfingu og listsköpun á þann hátt að öll börn fá skipulagðan tíma einu sinni í viku með leiðsögn fagstjóra. Í næringu er lögð áhersla á hollan heimilismat sem eldaður er á staðnum. Matseðlar og uppskriftir eru útbúnar í samvinnu við næringarfræðing og er fita, salt og sykur notað í hófi. Börnunum er boðið að fá ávexti og grænmeti daglega.

Í Heilsuleikskólanum Hamravöllum er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Í upphafi leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins en hún hefur að geyma skráningu á heilsufari. Í hana er m.a. skráð hæð, þyngd, næring, (matarvenjur/borðsiðir) sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráning fer fram tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori. Öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi.

Í hverri viku fara börn á hverri deild í íþróttasalinn í skipulagðar hreyfistundir. Hreyfistundirnar eru skipulagðar og þeim stýrt af fagstjóra sem sérhæfir sig í námi barnanna í gegnum hreyfingu og leik. Í hreyfistundum er hugað að öllum þáttum hreyfipjálfunar, s.s. grófhreyfingum, fínhreyfingum, styrk, þol, þor og síðast en ekki síst er hugað að gleðinni í gegnum hreyfinguna.



Einu sinni í viku koma börnin í litlum hópum inn í listaskálann. Listastundir eru skipulagðar og þeim stýrt af fagstjóra líkt og íþróttastundir. Lögð er áhersla á markvissa listsköpun frá tveggja ára aldri. Markmiðið er að viðhalda forvitni, sköpunargleði, efla sjálfstraust og ímyndunarafli barnanna. Börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, gera tilraunir og þjálfa bæði fínhyringar og samhæfingu. Farið er í grunnþekkingu á litum, litablöndun og formum.

Á Hamravöllum kynnast börnin fjölbreyttum bókmenntum, þjóðlögum, þulum, sögum og ævintýrum. Lögð er áhersla á að börnin upplifi hinar ýmsu hátíðir og hefðir í íslensku þjóðlífi. Í samverustundum og hópastarfi er lesið og fræðst um menningu okkar. Haldið er í ýmsar hefðir s.s. jól, páska, þorrablót, dag íslenskrar tungu, dag leikskólans, jólakaffihús í sal, útskriftarferð, vorhátíð/afmæli leikskólans og fleiri daga sem hefð er fyrir að halda upp á hér á Íslandi. Auk þess eru þjóðlegir dagar eins og bóndadagur, konudagur, bolludagur, sprengidagur og öskudagur hafðir í heiðri.

### 3.2. Kennsluhættir

Á Hamravöllum er leikur í hávegum hafður. Snemma á 20. öldinni fóru sjónir fræðimanna á sviðum hugvísinda að beinast að leik barna, hvaða tilgangi hann þjónar og hvaða ávinning þau hafa af honum. Með árunum varð ljóst að leikur er fyrirtaks námsleið fyrir börn og í dag er litið á leik sem meginnámsleið barna í Aðalnámskrá leikskóla. Leikur stuðlar að alhliða þroska barna og í honum fá þau tækifæri til að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Leikur býður upp á mikla félagslega örvun því í leiknum mynda þau hópa og skapa sína eigin menningu. Í félagslegum leik barna fá þau tækifæri til að þjálfa samskipti á jafningjagrunnvelli við önnur börn og skilja heiminn frá sjónarmiði annarra.

Á Hamravöllum teljum við mikilvægt að stuðla að farsælum leik barnanna og að stuðla að námstækifærum þeirra í leik. Þetta gerum við með því að:

- Skapa fjölbreytt umhverfi til leiks og veita börnunum aðgengi að leikefni sem ýtir undir forvitni og hvetur þau til skapandi og lausnarmiðaðrar hugsunar.
- Gæta þess að börnin hafi samfelldan tíma til leiks og veita þeim nægan tíma til að ljúka leik á sínum forsendum eða geyma leikefnið til seinni tíma.
- Skipuleggja leikrýmið þannig að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig um í leiknum og þróa hann lengra.
- Styðja við börnin í leik og ýta undir sjálfsprottunar athafnir og áhuga þeirra.
- Vera börnunum innan handar í leik, eiga jákvæð samskipti við þau og hvetja til jákvæðra samskipta þeirra á milli til að efla tengslamyndun.
- Sjá til þess að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku í leik.

### 3.3. Sérfræðiþjónusta

Samkvæmt 21. gr. laga um leikskóla og einnig í reglugerð nr. 584/2010 kemur fram að sveitarfélög skuli reka sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla. Í henni felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010).

Á Hamravöllum er sérkennslustjóri sem hefur umsjón með sérkennslu og sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat á henni, í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri er í

samskiptum við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa ásamt deildarstjóra viðkomandi barns. Ef ástæða þykir eru lagðir þroskalistar fyrir barnið í samráði við foreldra og í framhaldi af því er málinu vísað til Brúarteymis leikskólans (sjá nánar um Brúarteymi og Brúna hér fyrir neðan), þ.e. talmeinafræðings, sálfræðings, sérkennsluráðgjafa og svo framvegis, ef þörf krefur. Sérkennslustjóri fylgir hverju máli eftir í samvinnu við foreldra og starfsfólk leikskólans. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þarfnast sérstakrar kennslu eða stuðnings á ákveðnum sviðum og eru þær unnar af sérkennslustjóra í samráði við deildarstjóra og starfsfólks sérkennslu. Allir þeir sem koma að vinnu með barninu nota einstaklingsnámskrá sem leiðarvísi sér til stuðnings. Með einstaklingsnámskrá er hægt að setja inn markmið og meta árangur og framfarir barnanna og er námskráin endurmetin reglulega.

Greiningartæki sem stuðst er við í þroskaþáttum barna á Hamravöllum eru eftirfarandi:

- Orðaskil (metur orðaforða barna).
- TRAS (metur málþroska barna).
- HLJÓM – 2, elstu börn leikskólans (metur hljóðkerfisvitund barna).
- AEPS listinn (metur almennan þroska).
- Íslenski þroskalistinn - metur almennan þroska, 3-6 ára, foreldrar fylla út.
- Smábarnalistinn - metur almennan þroska, 0-3 ára, foreldrar fylla út.
- AAL listinn (metur líðan og hegðun barna).
- Gerd Strand (mat á 4 ára börnum).
- Heilsubók barnsins (skráningarbók sem metur almennan þroska og getu barnsins).

Mikilvægt er að tryggja að öll börn með einhvers konar frávik í þroska fái sérúrræði og aðstoð með markvissum aðgerðum í leikskólanum. Snemmtæk íhlutun skiptir miklu máli í þessu samhengi. Hér er átt við að bregðast strax við ef foreldrar eða starfsfólk leikskólans telja ástæðu til varðandi þroska barna. Sýnt hefur verið fram á að hægt er að ná góðum árangri ef barnið fær stuðning og kennslu við hæfi eins snemma og unnt er. Oft er um að ræða einstaklingsvinnu eða hópavinnu fárra barna ef það er það sem hentar barninu best. Mikilvægt er að gæta þess að barnið einangrist ekki, heldur aðlagist barnahópum á deildinni en hér þarf að meta stöðu og getu barnsins í hverju tilfelli fyrir sig. Sérkennsla fléttast því inn í daglegt starf barnsins og verður þannig eðlilegur þáttur í leikskólastarfinu.

Að vori fara fram skólaskil milli leikskóla og grunnskóla. Þar er upplýsingum um börn sem hafa notið stuðnings og/eða sérkennslu komið áfram til grunnskólans. Einnig er upplýsingum sem talið er nauðsynlegt að starfsfólk grunnskóla fái vitneskju um er varðar önnur börn sem ekki falla undir sérkennslu komið til skila. Skólaskil fara einungis fram í samráði við foreldra.

### 3.3.1. Brúin

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði og af fjölskyldu- og barnamálasviði og leggur áherslu á þjónustu á fyrri stigum.

Brúarteymi er teymi fagfólks af fyrrnefndum sviðum sem og leikskólans sem koma að málefnum barna sem þurfa aukinn stuðning. Í brúarteymi Hamravalla sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri auk tveggja ráðgjafa, annars vegar frá mennta- og lýðheilsusviði og hins vegar frá fjölskyldu- og barnamálasviði. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna til stuðnings barninu og fjölskyldu þess. Brúarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barns með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Dæmi um úrræði er að vísa barninu til talmeinafræðings vegna gruns um frávik í

málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða til ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

## 4. Grunnþættir menntunar

### 4.1. Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Listinn er ekki tæmandi enda nær hugtakið jafnrétti yfir mörg svið og málefni.

Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að öll kyn eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir neins kyns. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Einnig er lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

#### 4.1.1. Jafnrétti í leikskólastarfinu

Á Hamravöllum leggjum við áherslu á að allir upplifi sig sem virka þátttakendur í skólastarfinu og að börnin hafi rödd í daglegu starfi. Við leitumst við að ögra staðalímyndum m.a. með því að stinga upp á því við börnin að annað foreldri sinni hlutverki sem eru kynjaskilgreind skv. staðalímyndum, t.d. að þvo þvottinn, stoppa í göt o.fl. Unnið er með félagsfærni til að þroska og ýta undir umburðarlyndi, víðsýni og skilning milli barnanna. Börnin taka þátt í valstundum og fá tækifæri til að segja sína skoðun á því efni sem í boði er. Rætt er um fjölmenningu í tengslum við börn eða starfsfólk sem er í leikskólanum af erlendum uppruna og rætt um mismunandi þarfir og menningu.

Í leikskólanum er unnið eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar þar sem litið er á að öll börn eigi jafnan rétt á námi og þátttöku í skólastarfi óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, litarhætti, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Börnunum er kennt umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti. Helsta verkfærið sem notað er í þeirri kennslu er forvarnarverkefnið Vinátta á vegum Barnaheilla, sem er unnið út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefninu fylgir kennsluefni sem kennir börnunum samkennd og jafnrétti. Náms efnið byggir á rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem eru samofin skólastarfinu á Hamravöllum. Hugmyndafræði námsefnisins byggist á fjórum gildum:

- Umburðarlyndi - Að viðurkenna og skilja mikilvægi fjölbreytileikans og að koma fram við aðra af virðingu.
- Virðing - Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- Umhyggja - Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- Hugrekki - Að þora að láta í sér heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnun. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því (Barnaheill, e.d.).

## 4.2. Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 12). Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að skapa og umskrifa heiminn með því að búa til eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir að tjá sig og hafa samskipti við aðra. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist, þannig að læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

### 4.2.1. Læsi í leikskólastarfinu

Helsta tæki til samskipta er tungumálið okkar. Málþroski er undirstaða góðra samskipta og málskilnings. Á Hamravöllum er notast við skimanir á málþroska sem vísbendingu um undanfara læsis. Meðal annars er notast við TRAS málþroskamatið frá 2,2 ára og skráð tvisvar sinnum á ári, málþroskaprófið Orðaskil sem foreldrar allra 2ja og 3ja ára barna í leikskólanum svara, niðurstöður úr HLJÓM-2 prófinu auk upplýsinga frá heilsugæslu úr 2,5 ára og 4,5 ára skoðun.

Læsi flettast inn í marga þætti í starfinu í leikskólanum og lögð er áhersla að börnin nái að þróa læsi í gegnum leikinn. Mikilvægt er að efla málskilning og máltjáningu barnanna með samræðum um þær sögur sem lesnar eru. Notast er við orðaspjall sem leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Vandað er til vals á bókum og reynt að vernda íslenska tungu. Á hverjum degi er lesið fyrir börnin og kennarinn les viðeigandi bækur út frá aldri barnanna. Þegar lestur fer fram er reglulega gert hlé og spurt út í efnið og orðin sem koma fyrir í textanum til að efla hlustun og málskilning barna. Einnig er stöðugt aðgengi að bókum fyrir börnin til að auka áhuga þeirra.

Á Hamravöllum er unnið markvisst með læsi, meðal annars með því að hafa virkt læsisteymi. Í læsisteymi sitja allir deildarstjórar auk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Læsisteymi hefur yfirumsjón með því að útbúa mánaðaráætlun en í henni eru ákveðnir stafir/hljóð vikunnar sett upp, vísur eða þulur mánaðarins auk annarra tilfallandi verkefna eins og að æfa samstöfur, rím, samsett orð ofl. Unnið er með námsefnið *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur m.a. við vali á stafi/hljóði vikunnar. Aðrar áherslur tengdar læsi á Hamravöllum eru m.a.:

- Átak fyrir læsi, t.d. bókaormur – Bókaormur er hvatning til foreldra til að lesa fyrir börnin heima. Reynt er að setja bókaorminn í gang tvisvar sinnum á ári.
- Ritað mál er haft sýnilegt t.d. með því að hafa nöfn barnanna sýnileg ásamt tölustöfum, fjölda, form o.fl.
- „Veðurfræðingur“, spáð í veðrið og fatnað við hæfi.

## 4.3. Heilbrigði og velferð

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það

hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

#### 4.3.1. Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Á Hamravöllum spila heilbrigði og vellíðan stóran sess í daglegu starfi og er útivist í hávegum höfð. Farið er út einu sinni á dag og oftár ef veður leyfir. Útiveran eflir fín- og grófhreyfiproska, auk ýmissa annarra þroskaþátta. Einnig bjóða athafnir eins og að klæða sig í og úr fötum og rýna í veðurfar upp á tækifæri til þess að efla sjálfshjálp og sjálfstæði barna. Gönguferðir í nærumhverfi leikskólans eru tíðar og í þeim má einnig finna mörg tækifæri til að efla alhliða þroska og andlega vellíðan barnanna. Aðalmarkmið heilbrigðis og velferðar á Hamravöllum er að stuðla að alhliða þroska og líkamlegri og andlegri vellíðan barna. Leiðir að því markmiði eru vikulegar hreyfistundir í hreyfisal leikskólans undir handleiðslu starfsmanns sem sérhæfir sig í námi barna í gegnum hreyfingu og leik. Aðrar leiðir eru dagleg útivera og reglulegar gönguferðir, en þetta tvennt veitir börnunum tækifæri til að auka færni sína og stuðlar að andlegri heilsu þeirra. Hreyfing er hluti af stefnu leikskólans og lesa má meira um þann þátt undir kaflanum um leiðarljós leikskólans.

#### 4.4. Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í jafn góðu eða betra ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. „Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 17). Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

##### 4.4.1. Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Útinám og vettvangsferðir er góð leið til grunnmenntunar til sjálfbærni. Námið þarf að vekja áhuga, vera skemmtilegt og í tengslum við náttúru og umhverfi. Í vettvangsferðum lærum við um sjálfbærni eins og í öðru námi á Hamravöllum. Vettvangsferðir skapa yfirsýn og þekkingu á breytingum í nánasta umhverfi leikskólans. Í ferðunum fer fram markviss og fjölbreytt hreyfing og fræðsla í bland við uppgötvunarnám og leiki. Börnin fá tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem stuðla að sjálfbærni, skoða og rannsaka. Markmið með sjálfbærnimenntun er m.a. að þroska nemendur til að axla ábyrgð á tilveru sinni og búa yfir þekkingu til að sjá afleiðingar gjörða sinna á komandi kynslóð. Einnig að kenna nemendum að vera gagnrýnir og ábyrgir einstaklingar sem láta sig umhverfið varða og hafa góða þekkingu á eigin nærsamfélagi. Önnur markmið eru að börnin fái að taka þátt í ákvörðunum í samráði við aðra um margvísleg málefni sem hafa áhrif á samfélagið og nærumhverfið þeirra og að efla orðaforða barnanna og skilning í tengslum við sjálfbærni.

#### 4.5. Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir barnanna, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Hlutverk kennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum og gera þeim kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum. Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja, þannig að menntun er í rauninni sjálfssköpun. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni og stuðlar að

frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börnin skynja merkingu viðfangsefnanna. Í sköpun móta þau viðfangsefnin, búa til og gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þau kunna eða hafa gert áður. Leikurinn er mikilvæg námsaðferð þar sem börn læra í gegnum leik og starf í leikskólanum. Þar læra þau í samvinnu við önnur börn og fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

#### 4.5.1. Sköpun í leikskólastarfinu

Á Hamravöllum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Börnin hafa aðgang að listasmiðju þar sem unnið er á ýmsan hátt að listsköpun. Þau kynnast margskonar efnivið sem ýtir undir hugmyndaflug og örvar sköpunargleði. Útkoman skiptir ekki öllu máli, heldur er það ferlið sjálft og gleðin við að skapa.

Helstu markmið eru að vinna með form og lögun, þjálfna fínhyfingar, s.s. æfa grip á blýanti og pensli, kynnast skærum, klippa frjálst og líma, vinna með efnivið úr náttúrunni til myndsköpunar, sjálfsmyndir til skráningar, að handleika og leika sér með verðlaust efni, gera tilraunir með liti og litablöndun, mála með vatnslitum og akríl og mála með óhefðbundnum penslum eða verkfærum.

#### 4.6. Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á fjölbreytileika, jafnrétti, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af stærri heild og að þau skipta máli sem einstaklingar innan þeirrar heildar. Síðtímahugmyndir um barnæsku og réttindi barna segja að börn hafi rétt á að hafa rödd þegar kemur að ákvarðanatöku um málefni sem þau varða (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

##### 4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu

Á Hamravöllum er stuðlað að lýðræðislegu samfélagi sem er samansett af starfsfólki, börnum og foreldrum. Á hefðbundnum leikskóladegi eru margar ákvarðanir teknar og valdeflum við börnin með því að hvetja þau til að taka þátt í ákvarðanatöku málefna sem snerta þau. Börnin taka þátt í daglegum valstundum þar sem börnin velja sér viðfangsefni sem fangar áhuga þeirra. Haldnir eru reglulegir fundir með börnunum þar sem leikefni og leikrými þeirra er rætt. Þar geta börnin tjáð skoðanir sínar á smáatriðum líkt og vali á leikefni, fjölda barna í vali og í hvaða rými leikefnið sé í boði. Matráður leitar áhlits barnanna og fær þeirra skoðanir og hugleiðingar um matseðli skólans. Stefna Hamravalla er að nýta öll tækifæri sem gefast til að leyfa börnunum að hafa áhrif á skólastarfið og það sem snertir þau. Markmiðið með þessu er að leyfa börnunum að hafa áhrif á daglegt líf þeirra og leyfa þeim að finna að þeirra álit og skoðanir skipta máli.

### 5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólanám er samþætt nám þar sem námsvið og námshættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnanna. Börn læra í gegnum leik og daglegt starf, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá fullorðnum. Námsviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Námsvið leikskólans eiga að:

- Vera hluti af leik barna.
- Vera hluti af daglegu starfi leikskóla.

- Vera heildstæð og byggjast á reynslu barna.
- Byggjast á áhuga barna og hugmyndum.
- Taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms.
- Vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna.
- Hvetja til samvinnu og samstarfs.
- Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.
- Hvetja til ímyndunar og sköpunar.
- Vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana.
- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna.
- Efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni.
- Stuðla að sterkri sjálfsmýnd og sjálfsþekkingu.
- Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

## 6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

### 6.1. Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börnin sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Á Hamravöllum er foreldrum boðið í samtöl tvisvar á ári. Þar gefst starfsfólki og foreldrum tækifæri til að ræða saman um líðan, nám og þroska barna heima og í leikskólanum. Foreldrar geta óskað eftir fleiri samtölum finnst þeim þörf á.

### 6.2. Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera ábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum. Starfsfólk leikskólans er sveigjanlegt í samskiptum og kemur til móts við óskir foreldra eins og unnt er. Mikilvægt er að upplýsingarflæði frá leikskólanum sé gott til að foreldrar geti fylgst með því sem þar fer fram og hvað barnið þeirra er að gera hverju sinni.

### 6.3. Foreldraráð

Við Heilsuleikskólann Hamravelli er starfandi foreldraráð. Ráðið er skipað að lágmarki þremur fulltrúum foreldra auk leikskólastjóra. Stjórn foreldraráðs er endurkjörin árlega á foreldrafundum að hausti. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðinu er ætlað að fylgjast með framkvæmdum og öðrum áætlunum innan leikskólans og kynningum þeirra til foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

### 6.4. Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í Heilsuleikskólanum Hamravöllum og eru félagar þess foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum. Stjórn félagsins er endurkjörin á hverju hausti á foreldrafundi. Aðstoðarleikskólastjóri situr fundi með stjórn foreldrafélagsins. Markmið foreldrafélagsins er að tryggja velferð barnanna sem best með því að efla tengsl og samvinnu foreldra og starfsfólks. Foreldrafélagið skapar vettvang þar sem börn og foreldrar geta hist utan leikskólans og foreldrafélagið hefur einnig boðið börnunum upp á skemmtanir í leikskólanum.

## 7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 34).

Elsti árgangur Heilsuleikskólans Hamravalla vinnur í hópum að svokölluðum skólaverkefnum sem undirbúning fyrir komandi grunnskólagöngu. Vettvangsferðir eru farnar til að börnin fái að kynnst nærumhverfi sínu. Farið er í gönguferð á leikvelli grunnskólanna í hverfinu þar sem börnin fá að leika sér og kynnst skólaumhverfinu. Tveir skólar eru í hverfinu; Hraunvallaskóli og Skarðshlíðarskóli og fara börnin úr Hamravöllum jafnt í báða skólana. Miðað er að því að fara í að minnsta kosti tvær skólaheimsóknir með elstu börn leikskólans síðasta ár þeirra í leikskólanum. Markmiðið með þessu er að stuðla að aukinni samvinnu milli leik- og grunnskóla með hag barnanna að leiðarljósi.

Á vorin fer elsti árgangurinn í skipulagðar vettvangsferðir til dæmis í söfn, garða, fyrirtæki og fleira. Síðasta ferð að vori er útskriftarferðin og er hún veglegri og lengri en aðrar ferðir. Sjá einnig í kafla um sérkennslu um skólaskil milli skólastiga.

## 8. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast innra mat og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila og kallast ytra mat.

### 8.1. Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra mat sem felst í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum sem við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna. Starfsmenn svara einnig reglulega könnun þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra og ytra mat á skólastarfi nær til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverki skóla í að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

### 8.2. Innra mat á leikskólastarfi

Í aðalnámskrá er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangsefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá. Einnig er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta



skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu, þ.e.a.s. börn, foreldrar og starfsfólk. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

#### 8.2.1. Mat barna

Börnin í leikskólanum taka þátt í að meta skólastarfið með því að svara opnum spurningum kennara um líðan sína í leikskólanum. Einnig eru þau spurð um áhugasvið, hvað má bæta í leikskólanum, hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum, hvernig góður leikskóli er, hvar þeim líði vel í leikskólanum, o.s.frv. Með þeim hætti fá þau tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið og þróun þess.

#### 8.2.2. Mat starfsmanna leikskólans

Starfsmannasamtöl eru nýtt til að meta starfið. Mat starfsmanna fer fram á starfsmannafundum, einnig deildarstjórafundum og á skipulagsdögum. Lagðar eru fram leiðir að umbótum sem starfsmannahópurinn sameinast um að leiða áfram til að gera gott starf enn betra.

#### 8.2.3. Mat foreldra

Á vegum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar eru sendar út viðhorfskannanir til foreldra annað hvert ár þar sem viðhorf þeirra til skólastarfsins er kannað. Þessar kannanir eru starfsfólki mikilvægar til að vita hvernig foreldrar telja að barni þeirra líði í leikskólanum, hvernig aðlögun gekk og hvert viðhorf þeirra er til leikskólans, námsumhverfis og upplýsingaflæði.

Tvisvar sinnum á ári eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtal og eru þau notuð sem matstæki á starf leikskólans. Foreldrar eru jafnframt hvattir til þess að koma ábendingum sínum varðandi starfið til starfsfólks eða stjórnenda svo hægt sé að bregðast fljótt við t.d. ef eitthvað má betur fara.

Foreldraráð hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskóla og fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og felst einnig mat í því.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Barnaheill. (e.d.). *Vinátta – Um Vináttu*. <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>

Barnalög nr. 76/2003.

Hafnarfjarðarbær. (2016). *Mannauðsstefna Hafnarfjarðarbæjar*.

[https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Mannauðsstefna-Hafnarfjarðarbæjar\\_updated2020.pdf](https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Mannauðsstefna-Hafnarfjarðarbæjar_updated2020.pdf)

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (2009). *Skólastefna Hafnarfjarðar*.

<https://www.hafnarfjordur.is/media/fraedsluthjonusta/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>